

## Um ásakanir Bergsveins Birgissonar á hendur Ásgeiri Jónssyni um ritstuld

Ásgeir Jónsson leitaði eftir umsögn undirritaðs um rökstuðning sem Bergsveinn Birgisson hefði sett fram á visir.is þar sem er ásökun á hendur honum um ritstuld. Bergsveinn hefur sent kæru þessa efnis til Siðanefndar Háskóla Íslands sem ákvað að taka málið fyrir, samkvæmt frétt í *Morgunblaðinu* 14. desember 2021.

Tildrög kærunnar eru þau að Ásgeir sendi alveg nýlega frá sér bókina *Eyjan hans Ingólfs* (hér eftir EHI) og fjallar þar um *Landnámabók*, landnám Íslands og landnámsmenn. Ásökun sína birti Bergsveinn á visir.is 8. desember sl. og þar kemur fram að hann hafi samið verkið *Leitin að svarta víkingnum* (hér eftir LSV) sem út kom 2016 og áður (2013) birt sambærilegt verk á norsku. Á titilsíðu *Leitarinnar að svarta víkingnum* segir, „Ný og aukin útgáfa byggð á Den svarte vikingen“. Bergsveinn segir að Ásgeir setji fram tilgátur í EHI sem birtar séu í þessum verkum (LSV og *Den svarte vikingen*) en hann nefni þau ekki á nafn. Bergsveinn telur að um ræði umfangsmikinn ritstuld. Hann skýrir að nánar tiltekið snúist málið um „hugmyndastuld“ fremur en „beinar tilvitnanir“.

Bergsveinn segist setja fram í verkunum að „efnahagsmódel veiðimeningar“ hafi einkennt frumlandnám Íslands, veiðimeningin hafi byggst „á veiðum á rostungum og öðrum sjávarspendýrum, vegna þess að skipaútgerð þess tíma hafi algerlega verið háð slíku til reipa í skipsreiða og til verndar á trévirki í sjó“. Hann skrifar „þessi tilgáta endurómar gegnum alla bók Ásgeirs“.

Ásgeir telur að Garðar Svavarsson hafi ekki komið til Íslands til landnáms heldur til veiða „og þá væntanlega helst á rostungum“ (EHI, 42). Bergsveinn nefnir þetta á visir.is og ritar, „Síðan kemur löng endursögn á því hvernig strendur Íslands hafi verið kjörnar fyrir rostunga sem lifa á skeldýrum, húðir þessara dýra væru nýttar í skipsreiða og spikið hafi verið gulls ígildi“. Lýsing Ásgeirs sem Bergsveinn telur „langa“ er aðeins fáeinir línur og Bergsveinn nefnir ekki að fram komi orðalagslíkingar sem bendi til endursagnar á verki hans þótt hann noti orðið „endursögn“. Enda má segja að Ásgeir víki hér að alþekktu efni.

Rostungstennur og verðmæti þeirra er margfrægt efni og má nefna taflmennina frá Ljóðhúsum (Lewis á Suðureyjum) til vitnis um það. Minna er almennt fjallað um svarðreipi þegar rostung ber á góma en þó allfrægt og er td. getið í *Konungsskuggsjá* þar sem segir frá Grænlandi um 1250. Þetta um rostung er stundum nefnt í yfirlitsritum um miðaldasögu þar sem vikið er að landnámi Íslendinga á Grænlandi og afkomu Grænlandinga fornu. Í yfirlitsriti um sögu Þjóðveldis (930–1262) þar sem vikið er að þessu atriði um grænlandskan rostung segir td.: „Svarðreip voru rist af rostungshúð og voru mjög sterk. Þau voru notuð til skipsdráttar, í skipsreiða o.fl.“<sup>1</sup> Vitað er að sellýsi var borið á skip að fornu, til að verja þau, var nefnt „seltjara“. Ásgeir nefnir ekki að spik rostunga hafi verið notað á sama hátt sem lýsi til varnar trévirki.

Í umræddum verkum sínum vísar Bergsveinn í skrif Helga Guðmundssonar frá 1997 þar sem hann víkur að því að rostungur við Íslandsstrendur muni hafa verið nýttur við upphaf byggðar á Íslandi en fljótlega horfið. Helgi nefnir bæði verðmætar rostungstennur og níðsterk svarðreipi sem notuð voru í

---

<sup>1</sup> Jón Jóhannesson, *Íslendinga saga I. Þjóðveldisöld* (1956), 125.

skipsreiða.<sup>2</sup> Þá vísar Bergsveinn í verkum sínum til skrifna undirritaðs og Orra Vésteinssonar frá 2006 um rostungsveiðar.<sup>3</sup> Tilefni skrifanna var svonefnd Landnámssýning og að við uppgröft í Aðalstræti í Reykjavík komu í ljós þrjár rostungstennur og gátu vart verið komnar frá Grænlandi vegna tímasetningar. Mátti kannski gera ráð fyrir að þær væru úr flækingsrostungum en í skrifum sínum gerði undirritaður ráð fyrir að rostungur hefði átt náttúruleg heimkynni á Íslandi á landnámstíma og að örnefnið Hvallátur bæri að skoða í þessu ljósi (ábending Bjarna Einarssonar handritafræðings). Rosmhvalanes (Miðnes) hafi þá ekki nefnst svo vegna flækingsrostunga frá norðurslóðum heldur megi álykta að þar hafi verið heimkynni rostungs og töluvert hafi verið um hann. Undirritaður nefnir líka að hugsanlega hafi rostungusveiðar lokkað menn til landnáms á Íslandi og landnemar haft í huga að koma rostungsafurðum í verð. Orri vísar til fram kominnar hugmyndar um að á Íslandi hafi verið veiðistöð áður en landnám hófst, hingað komið menn fyrir 870 sem leituðu eftir rostungstönn og rostungshúð, hafst við í búðum og flutt feng sinn á markað.<sup>4</sup>

Þessi hugmynd um veiðistöð fyrir hið eiginlega landnám var umtöluð þegar rökrætt var fyrir áratug eða svo um kenningu Páls Theódórssonar um hvernig bæri að túlka vitnisburð kolefnisgreiningar. Margir héldu fast við að eiginlegt landnám hefði hafist um 870, eða ekki miklu fyrr, en óljósar vísendingar við kolefnisgreiningu um eldri mannaferðir mætti skýra með ferðum aðkominna manna, sem kannað hefðu landið, jafnvel mörgum áratugum fyrir 870.<sup>5</sup> Gert var ráð fyrir að þessir menn hefðu lifað af veiðum meðan þeir dvöldust á landinu og eins var bent á að hinir fyrstu landnemar hljóti að hafa byggt afkomu á veiðum í fyrstu.<sup>6</sup> Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur gróf upp ummerki um veru manna í Höfnum á Reykjanesi (hjá Rosmhvalanesi) og lýsti þeirri skoðun í júní 2011 að þar hefðu verið veiðimenn á ferð áður en eiginlegt landnám hófst á Íslandi.<sup>7</sup> Hann telur sig og hafa fundið ummerki á Stöð í Stöðvarfirði um verustað manna sem komu til landsins til tímabundinnar dvalar áratugum áður en eiginlegt landnám hófst og hefur oft sagt frá þessu í fjölmiðlum.

Af þessu sést að umræða um rostung og veiðistöð á Íslandi fyrir 870 var umtalsverð áður en Bergsveinn gaf út bók sína 2013. Umræða um að hér hafi verið hjarðir rostungs og afurðir nýttar til útflutnings á landnámstíma var hafin 2006. Þessar hugmyndir urðu kannski þekktar á sínum tíma, voru eitthvað kynntar í fjölmiðlum, eins og bent hefur verið á.<sup>8</sup>

Bergsveinn telur að Ásgeir sæki til sín umsögn um rostunga við Ísland sem „lifa á skeldýrum“ en það er of almennt til að vera marktækt, flestum mun þykja líklegt að rostungur noti frægar tennur sínar til að leita eftir slíkri fæðu.<sup>9</sup>

Þá segir Bergsveinn að til sín sæki Ásgeir efnislega eftirfarandi, „Á þessum tíma lögðu menn á sig siglingu norður eftir allri strönd Noregs og inn Hvítahaf til Bjarmalands til að veiða rostunga“. Að vísu hermi Óttar höfðingi í Norður-Noregi frá slíkri för, segir Bergsveinn, og bætir við „en það að sigla alla

<sup>2</sup> Helgi Guðmundsson, *Um haf innan* (1997), 54.

<sup>3</sup> *Leitin að svarta víkingnum* (2016), 383–4.

<sup>4</sup> Orri Vésteinsson, Helgi Þorláksson, Árni Einarsson, *Reykjavík 871 +/- 2. Landnámssýningin. The Settlement Exhibition*, ritstj. Bryndís Sverrisdóttir [2006], 33–5.

<sup>5</sup> Þorsteinn Vilhjálmsson, „Hvenær varð landnám manna á Íslandi?“ *Skírnir* 184 (2010), 19.

<sup>6</sup> Gunnar Karlsson, *Landnám Íslands* (2016), 257–9. Telur ábendingu um þetta koma fyrst fram 1953 og nokkrum sinnum síðan.

<sup>7</sup> *Iceland Review* 4. júní 2011.

<sup>8</sup> Illugi Jökulsson vakti á þeim athygli á sínum tíma eins og hann hefur rifjað upp vegna ásakana Bergsveins.

<sup>9</sup> *Sjá Íslensku alfræðiorðabókina P-Ö* (1990), 127; rostungur notar skögultennur ma. „til að róta upp lindýrum á hafsbötni“.

ströndina er einungis í minni bók“. Í fyrrnefndri grein í heftinu um landnámssýninguna segir undirritaður frá för Óttars frá Hvítahafi og suður meðfram allri strönd Noregs og inn í Víkina (Óslóarfjörð) að kaupstaðnum Skíringssal og þaðan suður til Heiðarbæjar í Danmörku og hafði með sér afurðir rostungs. Er það gömul skoðun meðal fræðimanna að siglingar með varning að norðan (ma. með ýmis verðmæt skinn, auk rostungsafurða) suður meðfram strönd Noregs og svo aftur norður (að seldum afurðum syðra) skýri nafnið Noregur, það sé dregið af Norðvegur.<sup>10</sup> Þetta gátu verið hættulegar ferðir og mátti búast við átökum við Bjarma og fleiri þjóðflokka við Hvítahaf enda talað í nútímamáli um hættuferðir sem Bjarmalandsferðir

Þá er alþekkt kenning, sem Johan Schreiner mun hafa mótað einna fyrstur og birti á árunum 1928 og 1929, um að Haraldur hárfagri, konungur í Víkinni, hafi haft áhuga á að vernda þessa siglingaleið af því að hann hafi viljað gæta hagsmuna Víkurmanna sem vildu fá varning að norðan til kaupstaðarins í Skíringssal við Víkina. Hann hafi efnt til bandalags við jarl í Þrændalögum um að ná stjórn á siglingaleiðinni og lagt undir sig mikilvæga staði við leiðina til að tryggja flutninga sem best. Jón Jóhannesson segir frá þessu í bók sinni *Íslendinga saga* frá 1956 eins og staðreynd og vísar ekki til Schreiners.<sup>11</sup> Menn rekja þessa kenningu í ýmsum útgáfum og fer ma. eftir því hversu líklegt þeim þykir að Haraldur hafi verið eitthvað í líkingu við það sem fornar sögur herma. En í kvæði er getið um öflugan höfðingja, „alvald Austmanna er býr á Útsteini“; Útsteinn þótti mikilvægur staður við siglingaleiðina meðfram Vestur- og Suðvestur-Noregi og er ekki fjarri núverandi Stafangri. Er algengt að álykta svo að þarna sé vikið að „Haraldi hárfagra“. Umrædda kenningu og meira til hefur Ásgeir getað fundið í ýmsum yfirlitsritum. Stenst engan veginn þegar Bergsveinn skrifar, „en það að sigla alla ströndina er einungis í minni bók“.

Þá er komið að Geirmundi heljarskinni sem er aðalpersóna í verki Bergsveins, LSV. Björn Þorsteinsson gat til árið 1983 að landneminn í Reykjavík hefði flutt tannvöru úr landi. Og nefnd var tilgáta frá 2006 um að Reykvíkingar landnámstímans hefðu nýtt tennur rostungs og svarðreipi og komið í verð. Bergsveinn tekur upp svipaðar hugmyndir og tengir við Breiðafjörð, Strandir og Geirmund. Ásgeir gerir mun betur og tengir rostungsveiðar almennt við hina fyrstu, nafngreindu Íslandsfara sem sögur fara af, ekki einungis við Ingólf heldur líka Garðar og Hrafna-Flóka. Og enn fremur Geirmund og Ketil gufu og Bergsveinn víkur líka að Katli. Er því líkast sem Ásgeir telji þetta mjög sennilegt, megi hafa fyrir satt, að rostungsveiðar hafi skipt máli í upphafi landnáms en þetta rostungaskeið hafi staðið stutt, segir hann. Hann gerir ráð fyrir að Geirmundur hafi ekki aðeins látið veiða rostung heldur fleiri sjávarspendýr og bendir á að Hjörleifur, fóstbróðir Ingólfs, muni td. hafa selt fugl og egg til fólks sem bjó fjarri sjó (EHI, 42–50).

Bergsveinn talar um tilgátu sína um Geirmund og allt eru þetta tilgátur sem þarfnast meiri umræðu og Ásgeir vill leggja sitt til málanna, í stuttu máli að rostungsveiðar muni hafa verið almennar í upphafi byggðar og stundaðar af þeim sem getu höfðu til. En þessum veiðum lauk fljótlega, að mati Ásgeirs, jafnvel strax á landnámstíma (EHI, 50, 147). Hann virðist gera ráð fyrir að Flóki og félagar hafi stefnt að útflutningi rostungsafurða og líklega Garðar líka (EHI, 46–7, 42). Hann virðist hins vegar ekki telja að sama máli hafi gegnt um Geirmund sem hafi þurft miklar vistir enda borið sig stórmannlega, haft setulið og hirð. Er svo að skilja á Ásgeiri að rostungur sem Geirmundur lét veiða muni hafa verið

<sup>10</sup> Sjá td. Ásgeir Blöndal Magnússon, *Íslensk orðsifjabók* (1989), undir *Noregur*, sé dregið af „Norðvegr“ og merki „vegur í norðurátt“.

<sup>11</sup> Jón Jóhannesson, *Íslendinga saga I. Þjóðveldisöld* (1956), 39-41. Um kenninguna sjá Per Sveaas Andersen, *Samlingen av Norge og kristningen av landet* (1977), 75-9.

hafður til matar (EHI, 146–7).<sup>12</sup> Hér fara þeir Ásgeir og Bergsveinn hvor sína leið því að Bergsveinn telur að Geirmundur hafi látið veiða rostung til að nýta afurðir hans, tennur, húð og spik, og gera úr þessu útflutningsvöru.

Ásgeir hefur getað stuðst við almenna umræðu fræðimanna um mikilvægi veiða fyrir afkomu snemma á landnámstíma og líka við ályktanir um að fjöldi rostungs hafi verið umtalsverður hér í upphafi og veiðar hans stundaðar að einhverju marki með útflutning í huga. Hann þarf ekki að styðjast við rit Bergsveins um neitt af þessu.

Spyrja má: Er það aðfinnsluvert að Ásgeir skuli ekki vísa til undirritaðs og Orra Vésteinssonar um rostungsveiðar eða til Jóns Jóhannessonar, Helga Guðmundssonar, Bjarna F. Einarssonar og Bergsveins? Áður en því er svarað verður að svara (1) hvort rit Ásgeirs sé „alvörugefið fræðirit“, (2) hvort það fjalli fyrst og fremst um rostungsveiðar, (3) hvort rit Bergsveins birti algjöra nýjung um rostungsveiðar.

Rit Ásgeirs er „alvörugefið fræðirit“ að mati Bergsveins enda segi Ásgeir að bókin hafi verið lengi í smíðum. Það er þó varla staðfesting þess að rit sé „alvörugefið fræðirit“. Bergsveinn segir líka að Ásgeir vitni til greina og rita í neðanmálgreinum og það sýni fræðilegt form bókarinnar. Í ritinu er 81 neðanmálgrein með tilvísunum. Það er vissulega einkennandi fyrir fræðirit. Þetta eru þó ekki margar tilvísanir miðað við lengd ritsins og mikill meirihluti þeirra er í erlenda fræðimenn.

Fræðirit geta verið mismunandi, allt frá doktorsritgerðum til yfirlitsrita fyrir almenning. Til að svara nánar hvað sé fræðirit er nærtækt að vísa til tímaritsins *Sögu* þar sem eru (a) ritrýndar greinar en líka (b) greinar sem eru kenndar við viðhorf („viðhorfsgreinar“).

- (a) Rannsóknarspurningar einkenna hinar ritrýndu greinar um afmarkað efni; höfundur rekur sögu rannsókna um efni sitt, hvað fyrri fræðimenn hafi sagt um efnið og vísar til skrifa þeirra. Hann metur rannsóknirnar og sýnir fram á hvað sé tortryggilegt, illa kannað eða rangt, eftir atvikum. Hann stefnir að því að gera betur á grundvelli þekktra heimilda og út frá rannsóknarspurningum, oft nýjum, og kynnir kenningar sem hann nýtir. Hann kemst að niðurstöðu sem boðar venjulega nýjungar eða endurskoðun. Tilvísanir eru margar til heimilda og fræðirita og þjóna þeim tilgangi að auðvelt sé fyrir aðra fræðimenn að fara í fótspor höfundar og sannreyna það sem hann segir. Þess konar greinar í *Sögu* eru ritrýndar af „sérfræðingum“, einhverjum sem teljast þekkja efnið vel. Nafni höfundar er haldið leyndu gagnvart ritrýnum og höfundurinn fær ekki að vita hverjir ritrýnar eru. Bók Ásgeirs heyrir ekki undir þennan flokk.
- (b) Viðhorfsgreinar í *Sögu* eru ekki ritrýndar. Þar er komið inn á strauma og stefnur og sagnfræðilegar aðferðir, reifuð álitamál, vakin athygli á nýjum efnissviðum eða brýnum rannsóknarefnum ofl. Höfundar lýsa skoðunum og viðhorfum og vísa til heimilda og fræðirita þar sem þeir telja að það sé upplýsandi eða til skilningsauka. Bók Ásgeirs sver sig í þennan flokk.<sup>13</sup>

Víkjum að öðru atriði, Bergsveinn lýsir ekki efni EHI og má jafnvel skilja hann þannig að hún fjalli einkum um rostungsveiðar að fornu. En því fer fjarri, Ásgeir fjallar fyrst og fremst um Landnámu sem heimild um landnámið og landnema. Sagnfræðingar hafa fengist mikið við að lýsa Landnámu sem *leif*,

<sup>12</sup> Í *Grágás* er gert ráð fyrir að rostungur sé hafður til matar.

<sup>13</sup> Í *Sögu* XL:1 (2002), 5–6, lýsa ritstjórar hvernig þeir hugsa sér slíkar viðhorfsgreinar.

eins og það nefnist. Þá er spurt um tilganginn með rituninni. Til að geta varpað ljósi á það þarf að vita um ritunartíma og líkleg áhrif á verkið á ritunartímanum. Þetta er vandamál því að frumgerð Landnámu varð til í tíð Ara fróða en þessi gerð er glötuð; hún lifir þó að einhverju leyti í yngri gerðum sem eru frá ýmsum tímum og trúlega mótaðar af öðrum viðhorfum en ríktu í tíð Ara. Fræðimenn reyna að skilgreina hvað sé elst og upprunalegast í Landnámu og skýra svo í samræmi við tímabil Ara. En Ásgeir leitast ekki við að skoða Landnámu sem *leif*, hafnar „samsæriskeningum“ sem hann nefnir svo um „valdaöfl“ sem reynt hafi að hafa áhrif á efnið (EHI, 9). Hann virðist líta svo á að Landnámu sé ætlað að varðveita fornan fróðleik og nefnir alveg sérstaklega að frásögn hennar komi ágætlega heim við fornleifarannsóknir. Hann mun þá hafa í huga, ma., að fornleifafræðingar telja almennt að landnám hafi hafist um 870 eða svo eins og gert er ráð fyrir í Landnámu og Ari skýrir í Íslendingabók.

Það vakir líklega einkum fyrir Ásgeiri að Landnámabók sé betri heimild um landnámið en títt er að nefna í seinni tíð. Það megi nýta hana betur til að öðlast dýpri skilning á sköpunarsögu þjóðarinnar, eins og hann segir (EHI, 193). Honum verður einkum skrafrjúgt um landnema sem komu frá Suðureyjum við Skotland eða hann telur að hafi komið þaðan og setur í samband við sögu norrænna manna á Bretlandseyjum og Írlandi. Hann telur að þetta fólk hafi komið snemma landnámsaldar og einhverjar þrengingar á eyjunum valdið mestu um þetta en varpar ekki miklu ljósi á það. En hann heldur ekki að svokölluð „sameining Noregs“ í nafni Haralds háfagra hafi verið nein meginástæða fyrir þessu elsta landnámi Íslands. Hann leggur ma. út af viðurnefnum manna eins og Óleifur feilan og Helgi þjóla og skýrir keltneskan uppruna þessara viðurnefna. Honum er hugstæðust ætt Bjarnar bunu, sem telst hafa verið fyrirferðarmikil á Íslandi á landnámstíma, og tengsl hennar við Suðureyjar og Bretlandseyjar almennt og Írland. Einkum leggur hann áherslu á tengsl landnema við Breiðafjörð vestur um haf og gerir Geirmundi á Skarðsströnd nokkur skil vegna þessa. Umfjöllun um rostungsveiðar er aðeins lítill hluti af þessari umfjöllun allri. Þess vegna er alrangt sem Bergsveinn segir að það sem Ásgeir kallar líkan um þræla og veiðar á elsta stigi megi tala um „sem rauðan þráð gegnum alla bókina“ og að hún hangi ekki saman nema á þessum eina þræði. Þetta stenst ekki.

Þótt Ásgeir sé hagfræðingur fjallar hann lítt um hagsöguleg efni í riti sínu, EHI. Hann fjallar ekki um sérsvið sitt til að eiga samræðu við aðra fræðimenn í hagfræði eða hagsögu. Fyrir honum virðist fyrst og fremst vaka að vekja athygli almennings á Landnámu, hvernig megi nýta hana frekar sem heimild um landnámið. Hann lítur á Landnámu sem safn fjölskyldusagna úr mörgum ólíkum áttum og segir að landnámssögunar myndi eina trúverðuga heild, þrátt fyrir einhverjar ýkjur og missagnir, og opni sýn á upphaf byggðar.

Ásgeir fer víða og lýsir skoðunum. Hann hefur auðsæilega veður af ýmsum kenningum og hugmyndum, td. að ætt Bjarnar bunu hafi skipt miklu máli við landnámið og stofnun alþingis, að Haraldur hárfagri hafi kannski ekki verið til, að Íslendingar hljóti að stórum hluta að vera komnir af fólki í Suðureyjum og hvernig goðaveldi muni hafa orðið til og áfram má telja. Ásgeir lýsir afstöðu sinni til þessa og hugmyndum. En hann nefnir ekki Sigurð Nordal í tengslum við kenningar um ætt Bjarnar bunu, eða ábendingar Sveinbjörns Rafnssonar um að skoða Landnámu sem *leif*, eða skoðanir Agnars Helgasonar í tengslum við erfðafræði og Suðureyjar, eða Gunnars Karlssonar um goðaveldi. Hann vísar þó í efasemdir Sverris Jakobssonar um tilvist Haralds háfagra, kannski af því að hann telur þær ekki vel þekktar og vill kynna þær eða kannski af því að hann hefur ekki trú á þeim? Hann skýrir ekki af hverju hann vísar stundum til fræðimanna en stundum ekki. Aðalreglan virðist sú að vísa til fræðimanna um atriði sem hann mun telja lítt þekkt meðal íslenskra lesenda en hirða ekki um tilvísanir til þess sem hann telur alþekkt.

Í rauninni fer þessi aðferð ekki fjarri því sem er algengt meðal fræðimanna. Hér má taka dæmi af kenningu Magnúsar Stefánssonar um *staði* svonefnda sem hann kynnti 1975, um kirkjur og eignir þeirra sem stofnanir (Reykholt, Odda osfrv.). Má telja að flestir fræðimenn sem fást við miðaldasögu hafi tilenkað sér kenninguna, hún sé „ríkjandi“ í fræðunum, eins og sagt er. Hún hefur orðið eins konar sannindi og fræðimenn sjá ekki alltaf ástæðu til að vísa til Magnúsar um *staði* þegar þeir nota hugtakið. Á sama hátt nefnir Ásgeir ekki ofangreinda fræðimenn, nema Sverri, ályktanir hinna og kenningar eru almennt „ríkjandi“. Þetta er algengt, í svona tilvikum eru fræðimenn sem sett hafa fram skoðanir sem njóta hylli og viðurkenningar oft ekki nefndir nema menn fallist ekki á fræði þeirra.

Í bók Ásgeirs kemur fram að samgöngur og lega hafi skipt máli þegar miðstöðvar urðu til og hann nefnir að Oddi hafi verið í Þjóðbraut og Sauðafell á krossgötum (EHI, 52). Þetta er auðsæilega komið beint frá undirrituðum sem er þó ekki nefndur. En líta má svo á að þetta njóti viðurkenningar í hópi fræðimanna. Hugmyndirnar um Ísland sem veiðistöð á elstu tíð eru almennt viðurkenndar og í því sambandi að rostungur hafi þá skipt máli sem veiðidýr. Það getur verið forsvaranlegt að vísa ekki til rita um „ríkjandi skoðanir“.

Bergsveinn ténir til fleiri ávirðingar Ásgeirs sem hann telur vera. Báðir tala um Ögvaldsnes á eyggi Kórmt (Karmøy) en hún myndar sund á mótum fastalandinu og þar var mikilvæg siglingaleið. Ögvaldsnes var eitt af býlunum sem Haraldur hárfagri skal hafa lagt undir sig við siglingaleiðina mikilvægu meðfram Noregi. Ásgeir segir að Hjör konungur og Ljúfvína, konungsdóttir frá Bjarmalandi, foreldrar Geirmundar, hafi búið þarna (EHI, 67). Bergsveinn segir að þetta komi hvergi fram nema í bók sinni, sé tilgáta sín, en það stenst ekki vel. Í Sturlubók og Hauksbók Landnámu segir frá þarinu og í Melabók Landnámu segir að forfaðir Hjörs hafi búið á Ögvaldsnesi og er þá auðvelt að álykta að Hjör hafi búið þar líka.<sup>14</sup> Þá segir Ásgeir að við Ögvaldsnes hafi verið eins konar suðurhlið Norðurvegjarinn (Norðveg). Bergsveinn segir að þetta sé komið beint úr LSV. Það þarf ekkert að vera, fyrr og síðar hafa menn fjölyrt um mikilvægi Ögvaldsness vegna siglinga innan skerja, þ.e. meðfram fastalandinu, það kemur ekkert fyrst fram í LSV.

Enn segir Bergsveinn að taki steininum úr þegar Ásgeir segi að Eyvindur Austmaður hafi verið „landvarnarmaður Kjarvals Írakonungs“, án þess að geta þess hvaðan sú hugmynd sé komin. „Í norrænum heimildum er hún ekki til“, segir Bergsveinn og telur sig eiga hugmyndina, hafi komist að þessu með rannsókn írskra heimilda. En þetta er einfaldlega sótt í Grettissögu, þar segir að Eyvindur „hafði landvörn fyrir Írlandi“. Eyvindur hafi stýrt herskipum og átt dóttur Kjarvals Írakonungs.<sup>15</sup>

Bergsveinn telur að Ásgeir hafi sótt vitneskju um tengslanet Eyvindar til sín en láti eins og það sé frumrannsókn. En fram kemur í sögum að Geirmundur heljarskinn hafi verið fyrir vestan haf um tíma og Hámundur bróðir hans hafi orðið tengdasonur Helga magra Eyvindssonar Austmanns og sest að í Eyjafirði. Þannig tengist Geirmundur Eyvindi. Breiðfirðingar eru á sérstöku áhugasviði Ásgeirs og hann bendir á að Þórunn hynna, systir Auðar djúpúðgu, var kona Helga, Þuríður Eyvindardóttir Austmanns var kona Þorsteins rauðs, sonar Auðar, og Úlfur skjálgi, á Reykjanesi við Breiðafjörð var tengdasonur Eyvindar og mágur Helga. Það er auðvelt að komast að þessu með því að slá upp „Ett Helga magra“ í *Landnámabók* í útgáfu Fornritafélags, töflu XVII a. Bergsveinn telur eðlilega að andlát Kjarvals Írakonungs (Cerball í Osraige (Ossory)) árið 888 hafi verið afdrifaríkt fyrir þennan hóp og valdið miklu um Íslandsför Helga og Hámundar. Ásgeir talar um að komist hafi los á fólk Eyvindar við fráfall

<sup>14</sup> *Íslensk fornrit* I (1968), 151; talað um Afvaldsnes, í nútímanorsku Avaldsnes.

<sup>15</sup> *Íslensk fornrit* VII (1936), 8.

Kjarvals, eins og Bergsveinn rekur. Telur Bergsveinn auðsæilega að hér gæti áhrifa frá verki sínu. En þetta virðist vera eðlileg ályktun Ásgeirs út frá hinum norrænu heimildum.

Bergsveinn bendir á að Ásgeir kalli Örn sem nam í Arnarfirði frænda Hámundar. Bergsveinn ritar, „Hvergi kemur fram í Landnámabók né öðrum miðaldaheimildum að Örn sé frændi Hámundar eða Geirmundar heljarskinns. Þetta setti ég fram sem tilgátu í LSV ...“ Í Landnámu er Örn kallaður frændi Hámundar, skýrum stöfum, bæði í Sturlubók og Hauksbók.<sup>16</sup>

Í framhaldi af þessu koma þung orð Bergsveins um „ritstuld“ og „þjófnað“ Ásgeirs, hvernig hann hafi „stolið og rangfært“. Bergsveinn telur ekki að Ásgeir taki orðrétt upp eftir sér en að ritstuldurinn sé hugmyndastuldur og honum hafi því borið að vísa til LSV. Hér hefur verið leitt í ljós að Ásgeir hefur ekki nýtt sér hugmyndir frá Bergsveini, amk. ekki í dæmunum sem Bergsveinn rekur. Hugmyndirnar geta eins verið komnar annars staðar frá. Efnisleg tengsl við rit Bergsveins eru ekki eins mikil og hann lætur. Rit Ásgeirs er á sinn hátt fræðirit en ekki á sérviði hans í hagfræði heldur er viðfangsefni hans landnámið og meginheimildin um það, Landnáma. Ásgeir hefur kynnt sér hana sem leikmaður, ber ekki við að ræða gerðir hennar fræðilega en slær föstu að hana megi nýta betur en gert hafi verið um landnámið. Hér er litið svo á að nálgun Ásgeirs sé þannig vaxin að hann hljóti að hafa frjálsar hendur um það hvenær hann vísar til rita. Kenningar og tilgátur um Ísland sem veiðistöð og rostungsveiðar við upphaf landnáms eru svo þekktar og viðurkenndar að eðlilegt er að Ásgeir vísi ekki sérstaklega í rit um þetta.

Tekið saman í aðdraganda jóla 2021.

Reykjavík, 6. janúar 2022

Helgi Þorláksson  
fv. prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands

---

<sup>16</sup> *Íslensk fornrit I* (1968), 254–5.